



Skagafjörður

ÁRSSKÝRSLA  
FRÆÐSLUÞJÓNUSTU  
SKAGAFJARÐAR  
2019-2020

## Efnisyfirlit

Frá fræðslustjóra .....	3
Fræðslunefnd .....	4
Skipurit Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar .....	5
Starfsfólk fræðsluþjónustu – upplýsingar .....	5
Starfsáætlun .....	6
Menntastefna Skagafjarðar .....	6
Skólar í Skagafirði .....	8
Styrkir .....	8
Ytra mat á skólastarfi.....	9
Innra mat á skólastarfi.....	9
Staða upplýsinga- og tæknimála í grunnskólum í Skagafirði.....	10
Stóra upplestrarkeppnin.....	10
Vinaverkefni .....	10
Vinaliðaverkefni.....	10
Forvarnarteymi.....	11
Sérfræðiþjónusta – greining á þjónustu .....	12
Fræðsla og námskeið .....	12
Fyrir starfsfólk skóla .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
Fræðsludagur 2019.....	16
UT starfsdagur skólanna .....	19
UTís 2019 .....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
Menntabúðir.....	20
Fyrir nemendur.....	20
Krakkaspjall.....	20
Fyrir foreldra/forsjáraðila.....	20
Teacch námskeið .....	20
Ráðstefnur .....	21
Kurs21Nord.....	21
Teymi barna.....	22
Framkvæmdir á fræðsluviði .....	22
Leikskólinn Tröllaborg .....	22
Frístund í Varmahlíðarskóla.....	22
Frístund í Grunnskólanum austan Vatna.....	23
Uppbygging skólamannvirkja í Varmahlíð .....	24
Viðtöl og greinar .....	25

Starfsumhverfi leikskóla .....	26
Útboð skólaksturs.....	27
Útboð skólamáltíða fyrir grunn- og leikskóla á Sauðárkróki .....	27
Þverfagleg samvinna á fjölskyldusviði .....	28
Skólastarf á tímum Covid19 .....	28
Heilsueflandi samfélag og skólastarf.....	35

## Frá fræðslustjóra

Í ársskýrslu fræðslusviðs 2019 - 2020 er farið yfir helstu verkefni og áherslur á skólaárinu. Segja má að skólárið hafið verið afar viðburðaríkt og á margan hátt óhefðbundið.

Í öllu starfi fræðsluþjónustu er lögð áhersla á samstarf. Samstarf fræðsluþjónustu við aðrar stoðir innan fjölskyldusviðs, samstarf við fræðslunefnd, stjórnendur og starfsmenn skólanna og aðra hagsmunaaðila innan skólasamfélagsins. Mikilvægt er að samstarfið byggi á gagnkvæmu trausti og samábyrgð allra aðila. Áherslan er fyrst og fremst á barnið, líðan og árangur þess á öllum sviðum sem krefst samvinnu og samtals.

Lög og reglugerðir um skólamál gera miklar kröfur til sveitarfélaga og eru jafnframt leiðarljós. Í reglugerð nr. 44/2019 um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendarverndarráð í grunnskólum segir að markmið með skólaþjónustu sveitarfélaga sé að kennslufræðileg, sálfræðileg, þroskafræðileg og félagsfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi.

Í sömu reglugerð kemur einnig fram að efla skuli skólana sem faglegar stofnanir, byggja upp þjónustu sem einkennist af sameiginlegri lausnaleit fagaðila og foreldra og leggja beri áherslu á snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna námsvanda, félagsleg og sálræns vanda með áherslu á að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar. Einnig ber fræðsluþjónustu að standa fyrir fræðslu- og forvarnarstarfi og styrkja helstu ábyrgðaraðila skóla-, frístunda-, félags- og heilbrigðisþjónustu sem eru allt verkefni sem kalla á ígrundun og samtal ýmissa aðila.

Stöðugt er leitast við að efla samvinnu þvert á skólastig og skólagerðir en vinna við gerð nýrrar menntastefnu er dæmi um slíkt. Sú vinna fór fram á þessu skólaári og stóð yfir í eitt ár. Menntastefnan hefur nú verið gefin út en hún var unninn í samstarfi leik-, grunn-, og Tónlistarskóla Skagafjarðar, Fjölbautaskóla Norðurlands vestra, frístunda- og fræðsluþjónustu Skagafjarðar. Að mótun menntastefnunnar komu um 910 einstaklingar sem eru nemendur allra skólastiga, starfsfólk skóla og frístunda-, og fræðsluþjónustu sem og kjörnir fulltrúar í fræðslunefnd ásamt þátttakendum á íbúafundum. Hugmyndir um lærdómssamfélagið og heiltæka nálgun í skólastarfi hafa verið leiðarljósið í mótunarferlinu.

Reglulegir fagfundir voru haldnir með stjórnendum skólanna og starfsmönnum fræðsluþjónustu bæði sameiginlegir og í sitt hvoru lagi. Lagt er upp með að hausti að boða til sameiginlegra funda a.m.k einu sinni á önn í þeim tilgangi að samræma aðgerðir. Starfsmenn fræðsluþjónustu sitja einnig fundi á fjölskyldusviði og taka þátt í þverfaglegri vinnu innan sviðsins en fræðsluþjónustan er ein af þremur samþættum stoðum fjölskyldusviðs og vinnur þétt með öðrum stoðum sviðsins.

Stjórnendur grunnskóla í samstarfi við fræðsluþjónustu prufukeyrðu nýtt ytramatstæki “Skólaspegilinn” í Árskóla á vorönn og var ætlunin að gera slíkt hið sama í Varmahlíðarskóla á vorönn. Þeirri vinnu varð að fresta sökum Covid – 19.

Fræðsluþjónustan í samráði við stjórnendur gerði stöðumat á innleiðingu spjaldtölvuverkefnisins í grunnskólum í Skagafirði með það að markmiði að skoða núverandi stöðu og taka ákvarðanir um næstu skref. Niðurstöður voru kynntar fræðslunefnd á fundi þann 12. maí 2020.


Á tímabilinu 16. mars til 04. maí einkenndist allt starf fræðsluþjónustu sem og skólanna af fordæmalausum aðstæðum í þjóðfélaginu vegna Covid – 19. Endurskipuleggja þurfti allt skólastarf á augabragði m.t.t. þeirra reglna sem settar voru. Ekki er hægt að segja annað en að skólastarf í Skagafirði hafi gengið vonum framur þetta tímabil og eiga stjórnendur og starfsmenn miklar þakkir skildar fyrir mikinn sveigjanleika, skipulagshæfni, launsamiðun og dugnað. Vond veður settu einnig strik í reikninginn síðastliðinn vetur en aflýsa varð skólastarfi einhverja daga í öllum leik – og grunnskólum í Skagafirði vegna veðurs og/eða rafmagnsleysis.

## Fræðslunefnd

Kjörnir fulltrúar fræðslunefndar 2018-2022 eru eftirfarandi:

- Laufey Kristín Skúladóttir, formaður til 27. mars 2020, Axel Kárason formaður frá 27. mars 2020, Framsóknarflokkur
- Elín Árdís Björnsdóttir, varaformaður, Sjálfstæðisflokkur
- Jóhanna Ey Harðardóttir, ritari, Byggðalistinn
- Auður Björk Birgisdóttir áheyrnarfulltrúi, Vg og óháðir

## Skipurit Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar



### Starfsfólk fræðsluþjónustu – upplýsingar

Skipurit Fjölskyldusviðs er grunnurinn að starfi þeirra þriggja stoða sem undir það heyra sem eru félagsþjónusta, fræðsluþjónusta og frítundaþjónusta. Fræðsluþjónustan er því ein af þremur samþættum stoðum fjölskyldusviðs en samþætting þessara sviða er grunnstefið í allri starfsemi sviðsins.

Skólaárið 2019 – 2020 voru starfsmenn fræðsluþjónustu eftirfarndi: Selma Barðdal fræðslustjóri, Helga Harðardóttir verkefnastjóri og kennsluráðgjafi, Ingibjörg Huld Þorðardóttir talmeynafræðingur, Jón Sigurmundsson ráðgjafi á fjölskyldusviði, Sólveig Rósa Davíðsdóttir sálfræðingur og Bertína Rodriquez fjármálasérfræðingur. Ingi Hrafnar Ómarsson kennsluráðgjafi í upplýsingartækni var í námsleyfi skólaárið 2019 – 2020 og Bertína Rodriquez hætti störfum hjá sveitarfélaginu í apríl 2020. Sigríður Inga Viggósdóttir hóf störf í upphafi skólaársins en hún gegnir 50% starfi sem verkefnastjóri Húss frítímans og 50% starfi sem verkefnastjóri Vinaliðaverkefnisins.

## Starfsáætlun

Eitt af helstu verkefnum fræðsluþjónustu á starfsárinu var vinna við gerð Menntastefnu Skagafjarðar sem var unnin í samstarfi margra aðila og er nú unnið að innleiðingu hennar og eftirfylgni aðgerðaráætlunar sem fylgdi með menntastefnunni fyrir skólaárið 2020 – 2021. Eins og fyrr segir var áformað að meta skólastarf í Varmahlíðarskóla með aðferðum Skólaspegils en sökum hamlana vegna Covid-19 varð að fresta því til næsta skólaárs. Eitt af verkefnum fræðsluþjónustu á þessu skólaári var að greina stöðu upplýsingatækni í grunnskólum í Skagafirði og var unnin og lögð fram skýrsla til fræðslunefndar í maí. Fræðsludagur var haldinn með sambærilegu sniði og áður og tókst vel. Ýmis gagnleg námskeið voru haldin á skólaárinu, starfsmenn skólanna stóðu fyrir menntabúðum og svo var skipulagður starfsdagur í tengslum við Utís ráðstefnu. Boðið var upp á frístund í Varmahlíð í fyrsta skipti og sömuleiðis var frístundastarf fyrir alla grunnskólanemendur í Grunnskólanum austan Vatna skipulagt. Farið var í tvö útboð á skólaárinu, útboð á hedegisverði í Árskóla og Ársölum sem og útboð á skólaakstri á Sauðárkróki.

## Menntastefna Skagafjarðar

Vinnu við mótun nýrrar Menntastefnu Skagafjarðar var haldið áfram á skólaárinu 2019-2020 í samvinnu leik-, grunn- og Tónlistarskóla Skagafjarðar, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, frístundar- og fræðsluþjónustu, vinnuferlið stóð yfir í u.þ.b. eitt ár. Alls tóku um 910 einstaklingar þátt í mótunarferlinu með einhverjum hætti, nemendur allra skólastiga, starfsfólk skóla/frístundarþjónustu, starfsfólk fræðsluþjónustu, kjörnir fulltrúar í fræðslunefnd ásamt þátttakendum á íbúafundum. Á fundi fræðslunefndar 30. janúar 2020 var stefnan lögð framtil staðfestingar og í kjölfarið gefin út á prenti og birt á heimasíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Menntastefnan nær til allra barna og ungmenna í Skagafirði frá upphafi skólagöngu í leikskóla til loka náms í framhaldsskóla. Frístundastarf barna er einnig hluti af menntastefnunni en með frístund eða frístundastarfi er átt við allt skipulagt tómsundastarf á vegum Sveitarfélagsins Skagafjarðar að loknum skóla. Áhersla er lögð á að nám barna og ungmenna eigi sér stað bæði innan skólans sem og í frístundastarfi og aukna samvinnu ólíkra skólastiga, skólagerða og frístundar til að tryggja samfellu í námi. Hugmyndir um lærdómsamfélagið og hugmyndir um heiltæka nálgun í skólastarfi voru leiðarljósið í mótunarferlinu. Lögð er áhersla á að aðlaga skólastarf nemendum til heilla um leið og henni er ætlað að mæta áskorunum samfélagsins á hverjum tíma.

Áhersluþættir í menntastefnunni eru fimm, þ.e. *læsi í víðum skilningi, heilbrigði og velferð, sköpun, samvinna og samskipti, umhverfisvitund og sjálfbærni*. Í hverjum áhersluþætti eru markmið sett fram og gefin dæmi um leiðir að þeim. Stefnumni fylgir jafnframt útfærð aðgerðaáætlun

til næstu þriggja ára. Gert er ráð fyrir að menntastefnan verði endurskoðuð á þriggja ára fresti með aðferðum innra mats sem. Aðgerðaráætlun er hugsuð sem lifandi plagg sem er í stöðugri endurskoðun út frá þeim áherlsum sem lagðar eru hverju sinni og þeim ákvörðunum sem teknar eru er tengjast menntamálum í sveitarfélaginu. Eftirfylgni og endurskoðun stefnunnar er í höndum fræðslunefndar og starfsmanna skólasamfélagsins eftir atvikum, sem jafnframt fylgja innleiðingu hennar eftir.

Meginmarkmið menntastefnunnar er að skapa umgjörð um skólasamfélag þar sem börn og ungmenni í Skagafirði búa við framúrskarandi skilyrði til þroska og menntunar, þar sem þörfum hvers og eins er mætt á einstaklingsgrunni, skv. hugmyndafræðinni um *menntun fyrir alla*.

#### **Markmið Menntastefnu Skagafjarðar eru eftirfarandi:**

- Að börn og ungmenni í Skagafirði njóti bestu skilyrða til menntunar og þroska, bæði náms- og félagslega, allt frá upphafi leikskólagöngu til loka náms í framhaldsskóla.
- Að þróa virkt lærdómssamfélag meðal allra hagsmunaaðila í skólastarfi í Skagafirði með aukinni samþættingu og samvinnu ólíkra skóla, skólagerða og frístundar.
- Að skólasamfélagið í Skagafirði þróist og taki breytingum í takti við nýja þekkingu og kröfur samfélagsins á hverjum tíma.

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu vegna Covid19 mun formlegt innleiðingarferli Menntastefnu Skagafjarðar hefjast í upphafi næsta skólaárs 2020-2021 í skólum og frístundastarfi í Skagafirði. Menntastefnu Skagafjarðar, má skoða [hér](#).





## Skólar í Skagafirði

Starf í leik – og grunnskólum Skagafjarðar var með hefðbundnum hætti framan af vetri. Síðari hluti vetrarins einkenndist af fordæmalausum aðstæðum í þjóðfélaginu vegna Covid- 19 og sömuleiðis voru veður þung og erfið til ferða sem gerði það að verkum að skóladögum fækkaði hjá mörgum grunnskólanemendum, þó mis mikið eftir staðsetningu skólanna.

Skólaárið 2019 – 2020 voru grunnskólanemendur 525 talsins að hausti og leikskólabörn 235 talsins. Nemendur Tónlistarskóla Skagafjarðar voru samtals 149 á þessu skólaári, 111 nemendur voru í hálfu námi og 65 nemendur í heilu námi.

Áherslum og beytingum á skólastarfi í leik -, grunnskólum í Skagafirði skólaárið 2019 – 2020 eru gerð mjög góð skil í ársskýrslum skólanna sjálfra.

## Styrkir

Fræðsluþjónusta Skagafjarðar fékk úthlutað 1.350.000 krónum í styrk úr Sprotasjóði fyrir verkefnið *Lærdómssamfélag í skólum í Skagafirði*. Verkefnið verður unnið á skólaárinu 2020-2021. Samstarfsaðilar í verkefninu auk fræðsluþjónustunnar eru allir leik- og grunnskólar í Skagafirði, Tónlistarskóli Skagafjarðar, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra auk frístundar. Sprotasjóður er sameiginlegur sjóður fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og er hlutverk sjóðsins að styðja við þróun

og nýjungar í skólastarfi. Alls hlutu 26 verkefni styrk úr Sprotasjóði fyrir skólaárið 2020-2021 en til úthlutunar voru 56 milljónir að þessu sinni. Markmið verkefnisins er að skapa virkt lærdómssamfélag í skólasamfélaginu í Skagafirði á breiðum grunni. Það verður gert m.a. með því að fylgja skilgreindum þáttum aðgerðaáætlunar nýrrar Menntastefnu Skagafjarðar eftir í samvinnu og samstarfi allra skólastiga, skólagerða, frístundar og fræðsluþjónustu.

Sótt var um styrk í Uppbyggingarsjóð SSNV um styrk vegna fyrirhugaðrar ráðstefnu Kurs21Nord sem ráðgert var að halda í Skagafirði í september 2020 en því miður var styrkumsókn hafnað.

## Ytra mat á skólastarfi

Áformað var að meta skólastarf í Varmahlíðarskóla með aðferðum Skólaspegilsins á skólaárinu. Í tvígang var búið að ákveða úttektardaga en vegna óviðráðanlegra aðstæðna reyndist ekki unnt að fylgja þeim ákvörðunum eftir. Í fyrra skiptið var ástæðan mikil veikindaforföll nemenda og starfsmanna og í seinna skiptið aðstæður í þjóðfélaginu á tímum Covid19.

## Innra mat á skólastarfi

Innra mat á skólastarfi fór fram með hefðbundnum hætti að mestu leyti í leik-, grunn- og Tónlistarskóla Skagafjarðar á skólaárinu. Skólarnir eru mislangt á veg komnir með að ljúka við þriggja ára hringferli mats og umbóta skv. skoska matskerfinu *Hversu góður er grunnskólinn okkar?* og *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Lögð hefur verið áhersla á að aðlaga gæðaviðmið að hverjum skóla. Skólarnir birta sjálfsmatsskýrslur sínar á heimasíðum skólanna að sumri og þar er hægt að skoða matsþætti, matsniðurstöður, umbótaáætlanir og fl.

Óskað var eftir framhaldsráðgjöf um innra mat á leikskólastarfi í leikskólum hjá Ísafjarðarbæ í upphafi skólaárs. Í september 2020 héldu kennsluráðgjafi/verkefnastjóri hjá Fræðsluþjónustu Skagafjarðar og leikskólastjóri Ársala erindi og námskeið á starfsdegi hjá leikskólum Ísafjarðarbæjar í ráðhúsinu á Ísafirði. Ráðgjöf hefur verið veitt eins og óskað hefur verið eftir í framhaldinu.

Leikskólar Fjallabyggðar, Leikskólinn Leikskálar á Siglufirði og Leikskólinn Leikhólar á Ólafsfirði, óskuðu eftir ráðgjöf og aðstoð við innleiðingu á innra mati á leikskólastarfi. Stjórnendur og fulltrúar skólanna fengu kynningarfund og í kjölfarið var óskað eftir námskeiði og aðstoð við innleiðingu á aðferðunum á starfsdegi skólans í febrúar. Ekki var unnt að halda námskeiðið sökum óveðurs og lokunar á vegum en í stað þess er var námskeiðið haldið í ágúst 2020.

Óskað var eftir ráðgjöf vegna innra mats í einum grunnskóla en sökum aðstæðna í þjóðfélaginu vegna Covid19 var þeirri ráðgjöf frestað til haustins 2020.

## Staða upplýsinga- og tæknimála í grunnskólum í Skagafirði

Fræðsluþjónusta Skagafjarðar í samráði við stjórnendur grunnskólanna vann að stöðumati á innleiðingu spjaldtölvuverkefnis og greiningu á upplýsinga- og tæknimálum í grunnskólum í Skagafirði á skólaárinu 2019-2020. Tilgangurinn var fyrst og fremst að varpa ljósi á hvaða árangri verkefnið hefur skilað en því var hleypt af stokkunum skólaárið 2014-2015. Í stöðumatinu voru búnar til sérstakar viðhorfakannanir sem lagðar voru fyrir nemendur 6. – 10. bekkja, kennara og foreldra/forsjáraðila nemenda í 6. – 10. bekkjum. Upplýsingar úr innra mati skólanna voru rýndar, einnig niðurstöður úr völdum spurningum úr Skólapúlaskönnunum og óskað eftir greinargerðum frá skólastjórum um stöðu upplýsinga- og tæknimála í hverjum skóla. Starfsfólk fræðsluþjónustu annaðist úrvinnslu gagna, skilaði skýrslu til fræðslunefndar og kynnti niðurstöður á fundi nefndarinnar 12. maí sl. Ráðgert er að skýrslan verði rýnd með starfsfólki grunnskólanna í upphafi næsta skólaárs í þeim tilgangi að ígrunda hvert skuli stefna og gera áætlanir um umbætur þar sem þeirra er talin þörf.

Skoða má skýrsluna í heild sinni [hér](#).

## Stóra upplestrarkeppnin

Fastur liður í skólastarfi allra grunnskólanna á hverju ári er þátttaka nemenda 7. bekkja í *Stóru upplestrarkeppninni*. Undirbúningsferlið fer fram í hverjum skóla með fjölbreyttum aðferðum. Undankeppni er haldin í hverjum skóla þar sem fulltrúar skólans og varamenn eru valdir af dómnefnd til þátttöku í lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar. Í ár féll lokahátíðin því miður vegna aðstæðna í þjóðfélaginu vegna Covid19. Grunnskólarnir náðu þó að halda undankeppnirnar í hverjum skóla með sama sniði og undanfarin ár en jafnan ríkir mikil gleði og eftirvænting þegar keppnin fer fram og margir sigrar unnir.

## Vinaverkefni

Áformað var að halda Vinadaginn hátíðlegan á skólaárinu eins og hefð er fyrir í samstarfi leik-, grunn- og Tónlistarskóla Skagafjarðar, frístundar og Fjölbautaskóla Norðurlands vestra. Í ár stóð til að breyta út af vananum og halda Vinadaginn hátíðlegan í tengslum við sæluviku og fá *Listalestina* til samstarfs við skólana. Listalestin er verkefni á vegum Listaháskóla Íslands og samanstendur af vinnusmiðjum með nemendum og fjölbreyttu listformi. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu vegna Covid19 féll fyrirhugaður Vinadagurinn niður að þessu sinni en áform eru um halda Vinadaginn að ári liðnu eins og vonir stóðu til í tengslum við Sæluviku Skagfirðinga.

## Vinaliðaverkefni

Skólaárið 2012-2013 hóf Árskóli þátttöku í norsku verkefni, Trivselsprogrammet eða Vinaliðaverkefninu, ásamt öðrum skólum í Skagafirði. Er það liður í viðleitni skólanna til að hvetja

nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu og almennri hreyfingu í frímínútum og skapa um leið betri skólaanda. Í Vinaliðaverkefninu setja ákveðnir nemendur, Vinaliðar, upp leiki og afþreyingu í frímínútum fyrir skólafélaga sína. Vinaliðarnir eru valdir af bekkjarfélögum og er hlutverk þeirra, auk þess að sjá um leikina, að fylgjast með samnemendum, veita þeim athygli sem eru einir og láta vita ef þeir verða varir við útilokun, einelti eða annað sem valdið getur nemendum vanlíðan. Markmið Vinaliðaverkefnisins er forvörn gegn einelti, aukin hreyfing og leiðtogaþjálfun.

Í vetur, sem og undanfarna vetur, hefur Árskóli verið móðurskóli fyrir Vinaliðaverkefnið á landsvísu og aðstoðað aðra skóla við innleiðingu þess. Haustið 2019 voru um 50 skólar þátttakendur og þar af 2 nýir skólar en tveir skólar ákváðu að hvíla sig á verkefninu og er því heildar fjöldi skólanna 48 talsins.

Guðjón Örn Jóhannsson lét af störfum eftir að hafa stýrt verkefninu með miklum sóma frá upphafi þess. Sigríður Inga Viggósdóttir tók við hans starfi. Þær breytingar voru gerðar á námskeiðshaldi að um 2-4 skólar voru teknir saman á námskeið, 80 - 130 krakkar á hverju námskeiði úr mismunandi skólum. Þetta fyrirkomulag tókst mjög vel og var mikil ánægja með það. Alls voru haldin 21 námskeið á önn.




## Forvarnarteymi

Forvarnarteymi Sveitarfélagsins Skagafjarðar hittist að jafnaði í fjögur til sex skipti yfir skólaárið. Aðgerðir vegna Covid höfðu áhrif á fundarhöld eftir áramót en tveir fundir fóru fram í gegnum fjarfundarbúnað. Helstu málefni sem rædd voru síðasta vetur voru: endurskoðun forvarnaráætlunar sveitarfélagsins, endurskoðun forvarnaráætlunar grunnskólanna, rafrettu- og orkudrykkja notkun,


skemmtanir fyrir 16 ára og eldri, atvinnuástand ungmenna og meiri tenging Húss frítímans inn í grunnskólana.

## Sérfræðiþjónusta/skólaþjónusta – greining á þjónustu


Á skólaárinu 2019 – 2020 er heildarfjöldi tilvísanna til fræðsluþjónustu 217 og deilast þau verkefni á sérræðinga fræðsluþjónustu sem eru talmeinafræðingur, sálfræðingur og ráðgjafi á fjölskyldusviði. Vert er að taka fram að hér er ekki endilega verið að tala um fjölda nemenda sem fengu þjónustu á skólaárinu heldur fjölda tilvísana eða verkefna til fræðsluþjónustu. Líklegt er að einhverjir nemendur sem fengu þjónustu á árinu hafi fengið þjónustu hjá fleiri en einum sérfræðingi. Þessar fjöldatölur verkefna sýna ekki öll verkefni fræðsluþjónustu svo sem almenna ráðgjöf og fræðslu sérfræðinga til starfsfólks skólanna og foreldra. Ef veita þarf aðra þjónustu en þá þjónustu sem fræðsluþjónusta hefur upp á að bjóða þá hefur fræðslustjóri í samstarfi við sérfræðinga í fræðsluþjónustu keypt þjónustuna að og gert samninga vegna hennar í hverju máli fyrir sig í samræmi við heimildir þar um.




## HEILDARFJÖLDI VERKEFNA Í GRUNNSKÓLUM



## HEILDARFJÖLDI VERKEFNA Í LEIKSKÓLUM





## HEILDARFJÖLDI VERKEFNA 2019-2020





Fjöldi tvítyngdra og fjöltyngdra barna hefur aukist töluvert bæði í leik- og grunnskólum í Skagfirði, sér í lagi á Sauðárkróki. Hér að neðan er greint frá fjölda nemenda og þeim tungumálum sem þeim tilheyrir. Um er að ræða fjölda þeirra barna sem eru af erlendu bergi brotin, annað eða báðir foreldrar. Flest barnanna eru tvítyngd og sum þeirra eru þrítyngd/fjöltyngd.





## Fræðsla og námskeið

Fræðsluþjónusta Skagafjarðar vinnur í anda hugmyndafræði um lærdómssamfélagið og heiltæka nálgun í skólastarfi. Í þeirri hugmyndafræði er mikilvægi náms þar sem hver lærir með og af hver öðrum kjarninn. Því er leitast við að styðja við og bjóða fram vettvang þar sem starfsfólk skóla deilir góðu verklagi og veitir jafningjafræðslu. Árlegur fræðsludagur er haldinn fyrir starfsfólk skóla í upphafi hvers skólaárs. Er þar jafnan fjölbreytt dagskrá í boði í samvinnu við starfsfólk skólanna. Ýmis námskeið og/eða fræðsla er í boði fyrir starfsfólk, foreldra/forsjáraðila og nemendur yfir skólaárið og eru þau ýmist að frumkvæði skólanna sjálfra eða fræðsluþjónustunnar.



## Fræðsludagur 2019

Árlegur fræðsludagur skólanna í Skagafirði var haldinn 15. ágúst 2019 í Skagafirði. Yfirskrift dagsins var *Heilsueflandi samfélag og skólar í Skagafirði*. Fjölmenni var á fræðsludeginum en alls tóku um 220 starfsmenn skóla í Skagafirði og frístundar þátt. Starfsfólk Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra tók þátt í fyrsta skipti og ríkti almenn ánægja með aðkomu þeirra og vonir standa til áframhaldandi samstarfs við FNV. Dagskráin samanstóð af ýmsum fræðsluerindum sem allir hlýddu á og málstofum þar sem starfsfólk tók þátt eftir sínu áhugasviði. Landlæknir Alma D. Möller og Sigfús I. Sigfússon skrifuðu undir samstarfssamning á milli Embættis landlæknis og Sveitarfélagsins Skagafjarðar um verkefnið *Heilsueflandi samfélag*. Í kjölfarið hélt starfsfólk frá Embætti landlæknis erindi um verkefnið. Eftir fræðsludaginn var viðhorfakönnun send út til allra þátttakenda um dagskrá fræðsludagsins og starfsfólki gefinn kostur á að koma með ábendingar um efni fyrir næsta fræðsludag sem haldinn verður að ári.



**Dagskrá fræðsludagsins 2019:**

<b>Tímasetning</b>	<b>Dagskrá</b>	<b>Fyrirlesari/fyrirlesarar</b>
9:00 – 9:15	Setning	Selma Barðdal fræðslustjóri
9:15 – 9:35	Staða og hlutverk FNV í samfélaginu	Ingileif Oddsdóttir, skólameistari FNV
9:35 – 10:05	Kynning á drögum nýrrar Menntastefnu Skagafjarðar	Helga Harðardóttir, kennsluráðgjafi/verkefnastjóri
10:05 – 10:35	Kaffi	
10:35 – 11:05	Málstofur 1, sjá hér neðar	
11:15 – 11:45	Málstofur 2, sjá hér neðar	
11:50 – 12:00	Heilsusprell	Sigurlína Hrönn Einarsdóttir, íþróttakennari í Varmahlíðarskóla.
12:00 – 12:15	Formleg undirskrift fulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar og fulltrúa Embættis Landlæknis um verkefnið Heilsueflandi samfélag	Alma D. Möller landlæknir og Sigfús Ingi Sigfússon sveitarstjóri
12:15 – 13:00	Hádegisverður	
13:00 – 14:30	Embætti landlæknis. Heilsueflandi samfélag og skólastarf	Gígja Gunnarsdóttir verkefnastjóri heilsueflandi samfélags, Ingibjörg Guðmundsdóttir verkefnastjóri heilsueflandi grunnskóla og Sigríður Kr. Hrafnkelsdóttir verkefnastjóri heilsueflandi framhaldsskóla
14:30 – 14:40	Kynning á fyrirhuguðum menntabúðum	Sigurlaug Rún Brynleifsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu í GaV og Björk Hlöðversdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu í Árskóla
14:40	Ráðstefnuslit	Herdís Á. Sæmundardóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs

## Málstofur á fræðsludegi 2019:

### 1. Skil á milli skólastiga

Hvernig eru skilin á milli grunn- og framhaldsskóla?

*Umsjón Margrét Helga Hallsdóttir námsráðgjafi í FNV og Sara Níelsdóttir framhaldsskólakennari í FNV.*

### 2. Efling verk- og iðngreina/ Hvernig náum við nemendum í verk- og iðngreinar?

Hvernig breytum við viðhorfinu? – Tækifærin eru í heimabyggð

*Umsjón Eyþór Fannar Sveinsson framhaldsskólakennari í FNV.*

### 3. Hvernig hefur tekist til með styttingu framhaldsskólans?

*Umsjón Ingileif Oddsdóttir, skólameistari FNV.*

### 4. Reynsla af starfi í skólum þar sem leik- og grunnskóli eru í sameiginlegu húsnæði

Kynning á meistaraprófsverkefni. Skoðaðir voru kostir og gallar við það að hafa leik- og grunnskóla í sameiginlegu húsnæði og að hverju þarf að huga að til að sambúð skólanna verði farsæl og skili góðum árangri. *Umsjón Steinunn Arnljótsdóttir leikskólastjóri í Leikskólanum Birkilundi.*

### 5. Gaman saman, samstarfsverkefni Birkilundar og Varmahlíðarskóla

Tilgangur verkefnisins er að skapa félagsleg tengsl milli leik- og grunnskólabarna, til að efla félagsfærni og auðvelda skólaskil, og stuðla að auknum samskiptum milli starfsfólks skólanna, til að skapa samkennd og skilning. *Umsjón Steinunn Arnljótsdóttir leikskólastjóri í Leikskólanum Birkilundi.*

### 6. Vinir Zippýs

Lífsleikninámsefni fyrir 5-7 ára börn sem miðar að því að efla bjargráð ungra barna og hæfni þeirra til að takast á við erfiðleika í lífinu. *Umsjón Aðalbjörg Þorgrímsdóttir leikskólastjóri, Rósa Marý Þorsteinsdóttir og Valbjörg Pálmarsdóttir leikskólakennarar í Leikskólanum Ársölum.*

### 7. „Vináttuverkefnið“, forvarnarverkefni gegn einelti á vegum Barnaheilla

Verkefnið byggir á því að einelti sé á ábyrgð hinna fullorðnu. Fullorðna fólkið sem umgengst börnin daglega er sá hópur sem hefur tækifæri til þess að fyrirbyggja einelti. Verkefnið byggir á grunnildum sem eru leiðarljósir í öllu efni þess þ.e. umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. *Umsjón Eyrún Berta Guðmundsdóttir og Ásrún Leósdóttir leikskólakennarar í Leikskólanum Tröllaborg.*

### 8. Heilbrigði og hreysti - valgrein á unglingsstigi

Íþróttakennari og heimilisfræðikennari í Varmahlíðarskóla hafa samtvinnað fagþekkingu og krafta í nýrri valgrein. Verkefnið hefur verið í þróun sl. tvö skólaár. Hugmyndin er byggð á verkefninu *heilsueflandi grunnskóli*. *Umsjón Sigurlína Einarsdóttir íþróttakennari og Bryndís Bjarnadóttir heimilisfræðikennari í Varmahlíðarskóla.*

### 9. Frístunda- og forvarnarmál, hvert stefnum við?

Umræðuefni: forvarnaráætlun grunnskólanna og sveitarfélagsins og frístundamál í sveitarfélaginu. *Umsjón Þorvaldur Gröndal frístundastjóri.*

## 10. Tækni í skólastarfi

*Umsjón Álfhildur Leifsdóttir grunnskólakennari í Árskóla.*

## 11. Vefur um náttúru Skagafjarðar, hvernig vefurinn hefur nýst í kennslu

*Umsjón Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir og Guðmunda Magnúsdóttir grunnskólakennarar í Grunnskólanum austan Vatna.*

## 12. Þemavika sett upp út frá áhugasviðsverkefnum nemenda

*Sígurlaug Rún Brynleifsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu í Grunnskólanum austan Vatna og Björk Hlökkversdóttir deildarstjóri stoðþjónustu í Árskóla.*

## UT starfsdagur skólanna

UT starfsdagur skólanna var haldinn í Árskóla á Sauðárkróki 7. nóv. fyrir alla starfsmenn grunnskólanna í Skagafirði. Starfsdagurinn var undanfari UTís ráðstefnu sem Ingvi Hrannar Ómarsson hefur staðið fyrir undanfarin ár. Vegna ráðstefnunnar komu hingað til lands ýmsir erlendir sérfræðingar í tækni og skólamálum og stýrðu vinnustofum fyrir starfsfólk skólanna á starfsdeginum. Einnig voru haldnar menntabúðir þar sem starfsfólk grunnskólanna og framhaldsskólans, Fjölbrautarskóla Norðurlands vestra, deildu af reynslu áhugaverðum og fjölbreyttum verkefnum sem unnið er með í skólunum. Dagurinn endaði á spennandi örkyningum um ýmiss öpp og verkfæri sem nýtt eru í skólastarfi.



## Menntabúðir

Menntabúðir voru haldnar í Grunnskólanum austan Vatna þriðjudaginn 10. febrúar sl. fyrir starfsfólk leik-, grunn-, tónlistarskóla og FNV. Skipuleggjendur viðburðarins að þessu sinni voru kennarar í Grunnskólanum austan Vatna og Leikskólanum Tröllaborg. Í skólum í Skagafirði er starfandi samstarfsteymi um menntabúðir sem skipað er fulltrúum frá hverjum skóla. Þetta var í annað sinn sem hópurinn stóð fyrir menntabúðum af þessu tagi, í nóvember sl. voru menntabúðir haldnar í Árskóla. Áformað var að halda þriðju menntabúðirnar í Varmahlíðarskóla í mars en þær féllu niður vegna aðstæðna í þjóðfélaginu vegna Covid19.

Menntabúðir er vettvangur þar sem starfsfólk skóla hittist og deilir góðu verklagi sín á milli um nám, kennsluhætti og allt er viðkemur skólastarfi. Menntabúðirnar bera vitni um að starfsfólk skólanna í Skagafirði eru sannarlega virkir þátttakendur í kröftugu lærdómssamfélagi. Samstarfsteymið um menntabúðirnar á miklar þakkir skildar fyrir frumkvæðið.

## Námskeið fyrir nemendur

### Krakkaspjall

Á skólaárinu var boðið upp á námskeiðið Krakkaspjall. Námskeiðið skiptist í námskeiðsdaga, stuðningsfundi og 10 umræðufundi. Meginmarkmið námskeiðsins er að þátttakendur þjálfist í og læri að taka þátt í samræðum og byggja undir hæfni sem nýtist þeim í daglegum samskiptum. Þátttakendur á námskeiðinu voru stafsmenn grunnskólanna þriggja.

## Námskeið fyrir foreldra/forsjáraðila

### Teacch námskeið

TEACCH námskeið var haldið í haust, meðferð og kennsla barna með einhverfu og skyldar boðskiptatruflanir, námskeiðið heitir á íslensku *Skipulögð kennsla og vinnubrögð*. Á námskeiðinu voru kennd vinnubrögð í vinnu með einhverfum. Kennari á námskeiðinu var Áslaug Melax einhverfuráðgjafi. Fjöldi á námskeiðið var takmarkaður og því var ákveðið að velja þátttakendur eftir börnum sem talin voru þurfa mest á því að halda að unnið væri eftir þessu kerfi. Ráðgjafi á fjölskyldusviði bauð foreldrum þessara barna þátttöku á námskeiðinu. Einnig var samband haft við deildarstjóra sérkennslu í grunnskólum Skagafjarðar sem ákváðu hvaða kennarar myndu sækja námskeiðið. Einnig var kennurum frá leikskólunum boðin þátttaka á námskeiðinu eins og við átti sem og kennurum frá starfsbraut FNV. Þátttakendur voru samtals 34 talsins.



## Ráðstefnur

### Kurs21Nord

Starfsfólk Fræðsluþjónustu og skólastjórar grunnskólanna þriggja í Skagafirði sóttu ráðstefnu Kurs21Nord sem haldin var í sveitarfélaginu Habo í Svíþjóð í september sl. Kurs21Nord er félagsskapur fólks sem starfar að menntamálum á Norðurlöndunum og Írlandi. Félagsmenn eru alla jafna nálægt 100 og koma frá öllum sviðum menntakerfa sinna landa, ráðuneytum menntamála, skólaskrifstofum sveitarfélaga, menntavísindasviðum háskóla og jafnframt skipa hópinn stjórnendur leik- grunn- og framhaldsskóla. Meginviðfangsefni samtakanna er „lærdómssamfélagið“ – að miðla og kynna því sem efst er á baugi í menntamálum í þessum löndum, skiptast á hugmyndum og skapa vettvang umræðu um mennta- og uppeldismál á breiðum grunni. Árlega heldur þessi hópur þriggja daga ráðstefnu þar sem fjallað er um það sem efst er á baugi í menntamálum viðkomandi landa sem og skólaþróun almennt í heiminum. Áhersla er lögð á að laða að fyrirlesara sem hafa getið sér nafn sem framúrskarandi fræðimenn á sínu sviði. Auk fyrirlestra, umræðna og hópavinnu á ráðstefnunni sjálfri er lögð áhersla á heimsóknir í skóla, samtöl við skólafólk og kynningu á nýjungum í kennslu, kennsluháttum og starfsemi skóla almennt.

Áform voru um að haldain yrði Kurs21 ráðstefna hér í Skagafirði í september 2020. Undirbúningur vegna ráðstefnunnar fór fram yfir veturinn af starfsmönnum fræðsluþjónustu. Yfirskrift ráðstefnunnar var *Nemendur 21. aldarinnar*. Lokið var við gerð dagskrár og búið var að skipuleggja allt utanumhald, gistingu, ferðir, viðburði og þ.h. Sökum ástandsins vegna Covid19 var tekin sú ákvörðun af stjórn Kurs21Nord að fresta ráðstefnunni hér í Skagafirði um eitt ár og er ráðgert að ráðstefnan verði haldin dagana 20. - 23. september 2021.



Sóttar voru ýmsar ráðstefnur á árinu. Starfsmenn fræðsluþjónustu sóttu Skólamálaráðstefnu sem haldin var sem og ýmsar ráðstefnur í gegnum fjarfundabúnað. Reglulegir Teams- samstarfsfundir með ráðherra voru haldnir mánaðrlega vegna skólastarfs á tímum Covid. Vorfundur Grunns var haldinn í gegnum Teams sem og ýmsir aðrir fundir og ráðstefnur.

## Teymi barna

Teymi barna er samstarfsverkefni Fjölskylduþjónustu Skagafjarðar og Heilbrigðisstofnunarinnar, HSN. Í teyminu sátu þetta árið læknir, hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir, ráðgjafi í málefnum fatlaðra barna og talmeinafræðingur og því litlar breytingar á samsetningu teymisins frá því sem var. Reynt var að funda annan hvern mánuð en Covid ástandið breytti því eins og flestu öðru. Teyminu bárust engin ný mál á Covid-tímabilinu, þar sem þroskaathuganir, teymisfundir og greiningarvinna lá niðri í leikskólunum. Aðgangur að heilbrigðisstofnuninni var skertur og því var einnig lítið um hefðbundið ungbarnaeftirlit. Eftir samráð var ákveðið að funda næst haustið 2020 og þá með hefðbundnum hætti.

## Ráðgjafateymi

Ráðgjafateymi er teymi sérfræðinga á fjölskyldusviði og heyrir undir sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Í teyminu sitja öllu jafna efitrtaldir aðilar: fræðslustjóri, félagsmálastjóri, félagsráðgjafi, talmeinafræðingur, ráðgjafi fræðsluþjónustu, ráðgjafi barna /sérkennslustjóri leikskóla og sálfræðingur. Megin markmið með teyminu er að ráðgjafar á fjölskyldusviði geti fjallað almennt um mál og leitað ráðgjafar hjá öðrum sérfræðingum sviðsins sem og að foreldrar sem þurfa á að halda geti haft aðgang að samþættri þjónustu án hindranna. Teymið fundar aðra hverja viku og allir aðilar teymisins sjá til þess að setja mál á dagskrá til umfjöllunar.

## Framkvæmdir á fræðslusviði

### Leikskólinn Tröllaborg

Fyrsta skóflustungan var tekin að nýjum leikskóla á Hofsósi í lok apríl. Vonir standa til að leikskólinn geti hafið starfsemi í nýja húsnæðinu snemma á árinu 2021. Byggingafélagið Uppsteypa sér um verkið.


### Heilsdagsskóli/frístundastarf í Varmahlíðarskóla

Nýtt frístundaúrræði eða heilsdagsskóli var tekinn í gagnið í Varmahlíðarskóla í upphafi skólaárs 2019. Þar er nú skólavistun í boði fyrir yngstu nemendur skólans, þ.e. nemendur í 1. – 4. bekk. Daglegur opnunartími er frá skólalokum til kl. 16:30.

## Heilsdagsskóli/frístundastarf í Grunnskólanum austan Vatna

Fræðslustjóra og frístundastjóra var falið að vinna að því að koma öllu tómstundastarfi og íþróttaæfingum nemenda Grunnskólans austan Vatna fyrir innan skólaaksturstíma haustið 2019. Um er að ræða sambland af heilsdagsskóla og frístundastarfi. Óskað var eftir samráði og hugmyndum frá hagsmunaaðilum í skólastarfi, nemendum, fulltrúum í skólaráði GaV, skólastjórnendum og fulltrúum íþróttafélaganna Hjalta og Neista um útfærslur á frístundaúrræðinu. Tilgangurinn var m.a. sá að allir nemendur finndu eitthvað við sitt hæfi eftir skóla og fram að skólaakstri. Niðurstaðan varð sú að bjóða upp á frístundaúrræði fyrir alla nemendur GaV á mánudögum á Hofsósi. Því var skólaakstri seinkað um rúma klukkustund á mánudögum vegna frístunda nemenda. Skóladagurinn á mánudögum var stytur um eina kennslustund hjá nemendum á Hólum svo þeir gætu nýtt sér frístundatíloboðin á Hofsósi. Á móti var skóladagur þeirra lengdur um eina kennslustund á föstudögum. Sú breyting hafði einnig í för með sér fyrir nemendur á Hólum að auðveldara var fyrir nemendur að nýta frístundastrætó á föstudögum til Sauðárkróks.

Heilt yfir gekk þetta fyrirkomulag með ágætum, sér í lagi meðal nemenda frá Hólum sem með þessu fyrirkomulagi gátu sótt æfingar á Hofsósi. Með þessu móti varð aukning meðal nemenda á yngsta- og miðstigi á íþróttaæfingum. Það sama var ekki uppá teningnum hjá nemendum á efsta stigi og var upplifun þeirra af þessu fyrirkomulagi ekki eins jákvæð. Þeirra upplifun var sú að eftir að skóladegi lauk var lítið fyrir þau að hafa fram að akstri skólabíls. Í lok vetrar var könnun lögð fyrir foreldra barna Grunnskólans austan Vatna þar sem þeim var gefinn kostur á að gefa þessu fyrirkomulagi endurgjöf. Niðurstöður sýndi að upplifun foreldra var mjög svipuð og barnanna. Fyrir veturinn 2020-2021 verður tekið mið af þessari könnun og starf vetrarins skipulagt með það í huga að bjóða yngri nemendum uppá æfingar áður en skólabíllinn ekur.





## Uppbygging skólamannvirkja í Varmahlíð

Á fundi sveitastjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 13. nóvember 2019 var samþykkt viljayfirlýsing þar sem Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur samþykktu að stefna að uppbyggingu skólamannvirkja fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla á einum stað í núverandi húsnæði Varmahlíðarskóla. Áður hafði hreppsnefnd Akrahrepps samþykkt viljayfirlýsinguna fyrir sitt leyti á fundi sínum þann 30. október 2019.

Unnið verður að þarfagreiningu og hönnun gagnberra breytinga húsnæðis og lóðar fyrir skólana þrjá á árinu 2020, í nánú samráði við fulltrúa hlutaðeigandi hagsmunahópa úr samfélaginu í framanverðum Skagafirði. Markmiðið er að breytingar sem gerðar verða á húsnæðinu og umhverfi þess uppfylli þær þarfir og kröfur sem gerðar eru í dag til skólahalds leik-, grunn- og tónlistarskóla, sem og til fyrirsjáanlegrar framtíðar. Við hönnunina verði eftir því sem unnt er haft að leiðarljósi að ákveðnir þættir starfseminnar sem fram fer í húsinu, s.s. bókasafn geti einnig þjónað nærsamfélaginu.

Leiði niðurstaðan til þess að þessi valkostur verði fýsilegur verður lagt upp með að framkvæmdir hefjist á árinu 2021 en að öðrum kosti verði aðrir möguleikar skoðaðir. Verkefnisstjórn skipuð sveitarstjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar, oddvita Akrahrepps, fræðslustjóra, sviðsstjóra veitu- og framkvæmdasviðs, umsjónarmanni fasteigna, skólastjóra Varmahlíðarskóla, leikskólastjóra Birkilundar, skólastjóra/aðstoðarskólastjóra Tónlistarskóla Skagafjarðar hefur þegar tekið til starfa.





## Viðtöl og greinar

Frétt um fræðsludag skólanna í Skagafirði 2019, sjá [hér](#)

Frétt um UT starfsdag skólanna í Skagafirði, sjá [hér](#)

Frétt um viljayfirlýsingu Sveitarrfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps um uppbyggingu skólamannvirkja í Varmahlíð, sjá [hér](#)

Frétt um nýja Menntastefnu Skagafjarðar í Feyki, sjá [hér](#)

Frétt um menntabúðir í Grunnskólanum austan Vatna, sjá [hér](#)

Frétt um úthlutun úr Sprotasjóði, sjá [hér](#)

Frétt um skólastarf í Skagafirði á óvissutímum vegna Covid19, sjá [hér](#)

Frétt um stöðu upplýsinga- og tæknimála í grunnskólum í Skagafirði, sjá [hér](#)

Frétt um byggingu nýs leikskóla á Hofsósi, sjá [hér](#)

## Starfsumhverfi leikskóla

Í upphafi skólaárs var skipaður starfshópur sem fékk það hlutverk að kanna möguleika á hvernig hægt væri að bæta starfsaðstæður í leikskólum í Skagafirði í þeim tilgangi að minnka álag á börn og starfsfólk. Starfshópurinn skipuðu fræðslustjóri auk tveggja starfsmanna hjá fræðsluþjónustu ásamt sjö fulltrúum frá leikskólunum í Skagafirði. Lagt var upp með að starfshópurinn skoðaði m.a. eftirfarandi þætti:

- Mönnun í öllum leikskólum
- Fjölda barna á deildum m.t.t. til rýmis
- Fjölda undirbúningstíma
- Leggja mat á árangur vegna reglna sem settar voru um styrki til náms í leikskólakennarafræðum fyrir starfsmenn leikskóla í Skagafirði
- Skoða hvað önnur sveitarfélög eru/hafa verið að gera m.t.t. bættis starfsumhverfis í leikskólum

Starfshópnum var falið að greina gögn og útbúa drög að tillögum til úrbóta sem leitt gætu til aukinna gæða í leikskólastarfi, bætt starfsaðstæður, stuðlað að minni starfsmannaveltu, aukið starfsánægju og dregið úr álagi í leikskólastarfi. Starfshópnum var falið að skila drögum að tillögum og greinargerð í lok október 2019. Starfshópurinn hefur fundað alls fimm sinnum í ráðhúsi Skagafjarðar og skilaði greinargerð til fræðslunefndar með tillögum að úrbótum að bættu starfsumhverfi í leikskólum í Skagafirði í lok október 2019. Í kjölfarið fór fram greining á áhrifum tillagnanna m.a. með tilliti til kostnaðar og fl.

Ein viðamesta tillagan sem sett var fram og hlaut brautargengi var tillaga að styttingu vinnuvikunnar. Unnið hefur verið að útfærslum á tilraunaverkefni um vinnustyttingu hjá starfsfólki í leikskólum á nýju ári. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu vegna Covid19 var ákveðið að tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar hjá starfsmönnum leikskólanna í Skagafirði hefjist að sumarleyfum loknum, í ágúst 2020 og standi yfir að lágmarki til áramóta 2020-2021. Vinnustyttingin mun verða 3 klukkustundir á viku hjá hverjum starfsmanni í fullri stöðu. Fundir voru haldnir í maí og júní með öllum starfsmönnum deilda í hverjum leikskóla til kynningar, umræðu og undirbúnings. Gert er ráð fyrir því að verkefnið verði metið með reglubundum hætti á meðan á því stendur í þeim tilgangi að skoða viðhorf starfsmanna til þess hvort starfsaðstæður og starfsánægja hefur breyst til batnaðar.





## Útboð skólaksturs

Sveitarfélagið Skagafjörður óskaði eftir tilboðum í skólaakstur á Sauðárkróki 2020-2023 í júní 2020. Áeltaður heildarakstur var um 23.600 km yfir samningstímabilið. Um var að ræða eina reglubundna akstursleið fyrir Árskóla sem ekin er skv. tímatöflu, innanbæjarakstur vegna leikskólans Ársala sem og skólaferðir í báðum skólum. Tvö tilboð bárust vegna akstursins. Ákveðið var að ganga til samninga við lægstbjóðanda. Sú ákvörðun var kærð til kærunefndar útboðsmála sem ákvað að stöðva samningsferlið á grundvelli kærunnar og jafnframt með vísan til þess að útboðið hafði ekki verið auglýst lögum samkvæmt.

## Útboð skólamáltíða fyrir grunn- og leikskóla á Sauðárkróki

Sveitarfélagið Skagafjörður óskaði eftir tilboðum í framleiðslu og afhendingu á skólamáltíðum fyrir grunn- og leikskóla á Sauðárkróki í apríl 2020. Útboðið var auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu og annaðist Consensa útboðsþjónusta umsýslu og auðlýsingu útboðsins f.h. sveitarfélagsins. Hægt var að senda inn tilboð með rafrænum hætti á útboðsvef til 18. maí 2020. Tilboð voru opnuð 22. maí og tvö tilboð bárust í verkið, frá Stá ehf. og Grettistaki veitingum. Fræðslunefnd samþykkti að taka tilboði frá Stá ehf.

## Þverfagleg samvinna á fjölskyldusviði

Fjölskyldusvið samanstefndur af þremur stoðum félagsmálaþjónustu, frístundaþjónustu og fræðsluþjónustu. Lögð er áhersla á þverfaglega vinnu og samstarf stoðanna í þeim tilgangi að veita heildstæða og samþætta þjónustu þar sem þarfir íbúanna eru hafðar að leiðarljósi.

Á fundi stjórnenda á fjölskyldusviði Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 7. janúar 2020 var lagt til að skipaður yrði starfshópur sem falið yrði að koma með tillögur að verklagi og reglum fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð varðandi framkvæmd frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni samkvæmt lögum nr. 38/2018. Lagt var til að hópinn myndu skipa Þorvaldur Gröndal frístundastjóri, Helga Harðardóttir verkefnastjóri á fjölskyldusviði og Ragnheiður Ásta Jóhannsdóttir ráðgjafi í málefnum fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra. Auk þess var ákveðið að fá Jón Sigurmundsson sérfræðing á fjölskyldusviði í hópinn. Frístundastjóri veitti starfshópnum forstöðu. Hlutverk starfshópsins var að finna skilvirkar leiðir til að koma til móts við frístundaþarfir fatlaðra barna og ungmenna með markvissum hætti. Tekið var mið af leiðbeiningum um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn sem félags- og barnamálaráðherra hefur nýverið sett fram og hafa tekið gildi. Starfshópurinn skilaði af sér greinargerð til sviðsstjóra fjölskyldusviðs sem og félagsmálastjóra í maí um málefnið.

Starfsdagar fjölskyldusviðs í miðlægrri stjórnssýslu voru tveir á árinu. Á fyrri starfsdeginum var lögð áhersla á að greina þjónustu og starfsemi sviðsins með SVÓT greiningu. Á seinni starfsdeginum í júní var umbótaáætlun unnin á grunni fyrirbyggjandi SVÓT greiningar.

Þverfaglegt ráðgjafateymi fundaði reglulega um málefni einstakra barna og áform eru um að á næsta skólaári verði starfsemi teymisins útvíkkuð enn frekar með hagsmuni barna og velferð þeirra að leiðarljósi.

## Skólastarf á tímum Covid19

Á skólaárinu tók skólastarf miklum breytingum vegna aðstæðna í þjóðfélaginu vegna Covid 19. Sá veruleiki sem blasti við kallaði á nýjar áskoranir, breyttar áherslur og breytt vinnulag í skólastarfi. Í lok skólaársins voru teknar saman upplýsingar frá skólastjórum og starfsfólki Fræðsluþjónustu í þeim tilgangi að varpa ljósi á áhrif Covid19 á hverjum stað m.t.t. hvaða úrræða var gripið svo að skólastarf gæti með sem bestum hætti blómstrað þrátt fyrir aðstæður. Einnig veltu stjórnendur fyrir sér hvaða lærdóm mætti draga af ástandinu og hvaða breytingar væru e.t.v. komnar til með að vera.

Í Leikskólanum Ársölum var um tíma vistunartími hvers barns einungis aðra hvora viku, í sumum tilvikum tóku foreldrar/forsjáraðilar ákvörðun um að hafa börnin heima ýmist allan tímann eða að hluta til. Starfsmenn unnu hins vegar alla daga. Þess var gætt að blöndun yrði ekki milli deilda og svæða

til að gæta að sóttvarnareglum. Áhersla var lögð á mikilvægi hreinlætis meðal barna og starfsfólks. Almennt var mikil jákvæðni í gangi og starfsfólki nefndi sérstaklega að börnin blómstruðu við þær aðstæður að færri börn væru á hverri deild. Stöðufundnir voru haldnir daglega með deildarstjórum í gegnum Teams og mikið dró úr fjarveru starfsmanna s.s. vegna veikinda. Mikill samhugur og samstaða var í skólasamfélaginu.



Í leikskólanum Birkilundi var opnunartíminn stytur um 1 og ½ klst. á dag svo að hægt væri að uppfylla sóttvarnareglur. Enginn samgangur var á milli deilda og samstarf við Varmahlíðarskóla féll niður. Foreldrar/forsjáraðilar komu ekki inn í skólahúsnæðið. Rýmra var á deildum en annars hefði verið þar sem nokkrir foreldrar/forsjáraðilar tóku ákvörðun um að hafa börnin sín heima stóran hluta þess tíma sem samkomubannið varði. Erfiðast reyndist að halda tveggja metra reglunni t.d. varðandi aðskilnað starfsmanna í sameiginlegum rýmum skólans vegna aðstæðna í skólahúsnæði. Engu að síður var reynt að halda starfinu í því sem næst eðlilegum skorðum eftir því sem unnt var. Lítið var um veikindi og fjarvistir meðal starfsmanna og allir lögðust á eitt um að láta hlutina starfið ganga upp. Þegar leið að lokum samkomubannsins minnkaði aftur rýmið fyrir hvert barn en að öllu jöfnu vantaði um þriðjung



barnanna í leikskólann á tímabilinu. Því veltu starfsmenn fyrir sér hvort eðlilegt hefði verið að setja einhver rýmisviðmið samhliða fjöldaviðmiðum við þessar aðstæður.



Í leikskólanum Tröllaborg var líkt og á hinum leikskólunum færri börn en vanalega. Starfsmanna- og deildafundur lögðust af en staðan tekin daglega á óformlegum fundum hjá starfsfólki. Námsferð starfsfólks til Finnlands sem áætluð var á vormánuðum var frestað til haustsins 2020. Reynt var að minnka sem mest samneyti milli stofnana leik- og grunnskólans sem starfa undir sama þaki á Hólum. Leikskólinn lokaði klukkutíma fyrr á degi hverjum og starfsfólk hjálpaðist að við þrif og sótthreinsun á leikföngum og þ.h. Foreldrar/forsjáraðilar komu ekki inn í húsnæðið. Mikilvægt var að geta haft sameiginlegan starfsdag með starfsfólki í upphafi til að skipuleggja starfið miðað við sóttvarnarreglur og undirbúa starfsfólk undir komandi tíma. Í framhaldi af Covid19 þá hefur starfsfólkið ákveðið að framvegis skammti starfsfólkið börnunum alltaf hádegismatinn til að draga úr smithættu.

Í Árskóla voru helstu áherslur í skólastarfi þær að frá 16. mars - 4. maí 2020 var skólastarf í Árskóla skipulagt með þeim hætti að skólanum var skipt upp í þrjú svæði sem voru algerlega aðskilin. Svæðin miðuðust við aðstöðu hvers stigs og þeirra nemenda og starfsmanna sem tilheyrðu stiginu. Nemendum hvers árgangs var skipt upp í aðskilda hópa, með nemendafjölda 20 eða færri. Hóparnir mættu á mismunandi tímum að morgni til að koma í veg fyrir samskipti þeirra á milli. Sama átti við um

heimferðartíma. Ekki var boðið upp á morgunmat eða hádegismat í skólanum þennan tíma og þurftu nemendur í 1. - 6. bekk, sem höfðu lengsta viðveru í skólanum, að koma með nesti að heiman. Nemendur í 1. - 6. bekk fóru daglega út í hreyfingu með íþróttakennurum og segja má að það hafi skipt sköpum að hægt var að halda þeirri hreyfingu úti allan tímann til að brjóta upp daginn. Nemendur í 7. - 10. bekk voru að mestum hluta í fjarkennslu og þurftu því ekki að hafa með sér nesti, en mættu í skóla alla daga í u.þ.b. klukkustund.

Starfsfólk skólans reyndi sitt besta til að tryggja vellíðan barnanna í skólanum og veita þeim öryggi. Skólastarfið miðaðist við að viðhalda eins eðlilegri kennslu og hægt var miðað við aðstæður. Mikill tími fór í að sótthreinsa allt sem hönd á festi oft á dag og tóku allir þátt. Aðgengi að skólanum var takmarkað þennan tíma og foreldrar beðnir um að koma ekki inn í skólahúsið þegar þeir fylgdu börnum sínum í skólann eða sóttu þau. Fundir með foreldrum voru því í algeru lágmarki þennan tíma og aðeins af brýnni nauðsyn. Óskað var eftir tilkynningum frá foreldrum varðandi veikindi eða sóttkví nemenda. Einnig ef foreldrar ákváðu að halda börnum sínum heima vegna ástandsins. Það sýndi sig að þegar á leið fjölgaði þeim börnum sem haldið var heima vegna Covid-19, sérstaklega síðustu vikurnar fyrir páskaeyfi. Mæting í skóla var því nokkuð misjöfn frá viku til viku, en sem dæmi má nefna að 15. apríl var mæting nemenda 80%, en var 65% þegar fæst var nokkrum vikum áður. Dæmi voru um að einstakir nemendur mættu nánast ekkert í skóla þann tíma sem samkomubann stóð yfir. Því er ekki að leynd að það reyndi á útsjónarsemi kennara að halda utan um nám þeirra samhliða kennslu hópans. Kennarar sinntu þeim börnum sem voru heima með fjarkennslu og upplýsingum til foreldra. Fjarvistir vegna Covid-19 voru fleiri hjá eldri nemendum, en þeim yngri.

Starfsemi var í Árvist fyrir nemendur sem þar voru skráðir. Börnunum var hópaskipt í sömu hópá og í skólanum og í sömu stofum. Eftir páskaeyfi var hópaskipting í 1. og 2. bekk endurskipulögð út frá nemendum í Árvist, svo hægt væri að hafa þá meira saman.

Helstu breytingar á starfsháttum nemenda og kennara var aðskilnaður hópa. Nemendur hittu ekki suma bekkjarfélaga sína í margar vikur og starfsmenn hittust ekki nema innan stigsins á hverri kaffistofu. Lítið var um fundahöld, nema rafræn og samstarf kennara mest við sitt teymi. Fjarkennsla í ýmsu formi var mjög áberandi og sá tækjabúnaður sem skólinn hefur yfir að ráða nýttist vel og tæknikunnátta kennara og nemenda kom að góðum notum. Kennarar voru öflugir í að miðla sín á milli varðandi útfærsluatriði í fjarkennslu.

Helstu áskoranir starfsmanna voru að láta skólastarfið ganga eins eðlilega fyrir sig og hægt var miðað við aðstæður, þannig að börnunum liði vel. Skólastjórnendur reyndu að halda starfsmönnum vel



upplýstum og voru í góðum samskiptum við aðra stjórnendur með tölvusamskiptum. Deildarstjórar stiga voru staðsettir með sínu fólki á hverju stigi. Segja má að fjárnámsformið hafi gengið sérlega vel og sé komið til að vera þegar það hentar. Stjórnendur sjá fyrir sér að það sé ekkert því til fyrirstöðu að nota fjarkennslu áfram þegar þannig stendur á, t.d. varðandi lengri fjarveru nemenda vegna veikinda, ófærðar og þegar skóla er lokað vegna óveðurs.



Í Grunnskólanum austan Vatna var hægt að halda nær óbreyttu skólahaldi á Hólum fyrir utan kennslustundir í íþróttum og sundi þar sem íþróttasalnum og sundlauginni var lokað. Á Hofsósi var nemendahópnum skipt í þrennt með eftirfarandi hætti: Öll kennsla nemenda í 8. – 10. bekk var flutt úr skólanum í Félagsheimilið Höfðaborg og þar var þeirra stofa í austursal og matsal. Inngangur þeirra var á austurhlið. Þessi námshópur fékk mat inn í aðalsal úr mötuneytinu. Nemendur í 6. og 7. bekk voru í gamla hluta skólans og algerlega aðskilin frá þeim hluta skólans sem skólastofur eru vanalega. Inngangur að norðanverðu og engin sameiginleg rými. Matsal í Félagsheimilinu Höfðaborg var skipt í tvennt og sér inngangur þangað fyrir hvorn hóp svo þar voru engin sameiginleg rými heldur. Nemendur í 1. – 5. bekk voru í venjulegum skólastofum alveg aðskilin frá öðrum nemendum skólans. Í matsalnum í félagsheimilinu var þessi hópur í þeim hluta matsalar sem lá að aðalinngangi og venjulega er notaður sem inngangur í matsal fyrir alla.



Venjuleg faggreinakennsla samkvæmt stundaskrá var felld úr gildi og kennarahópnum var skipt í þrjá aðskilda hópa eða teymi sem alfarið héldu utan um kennslu hvers hóps fyrir sig. Skólaliði fylgdi hverjum hóp og sá um alla gæslu og þrif á sínu svæði, stuðningsfulltrúum var skipt einnig á hópana og kennarar í hverju teymi sáu um allar kennslugreinar allt tímabilið. Samstaða og samvinna teymanna var aðdáunarverð og hvergi hnökra að finna. Stjórnun og samskipti fóru að mestu gegnum rafræn samskipti, myndfundir, póstur og símtöl.

List- og verkgreinar voru lagðar niður að öðru leyti en því að sá hópur sem var í þeim hluta hússins sem mynd- og handmenntastofa er til staðar gat notað þá stofu og aðstöðu. Aukin áhersla var lögð á bóklegar greinar og þemavinnu. Kennarar unnu á vormánuðum að skipulagningu náms næsta vetrar þar sem gert er ráð aukinni teymiskennslu þar sem kennarar halda utan um samkennsluhópa í verkefnaferlinni námi frekar en greinakennslu a.m.k. að hluta. Skóladagurinn var heldur styttri en vanalega en áhersla var lögð á hreyfingu og skipulagða útvist daglega í umsjón íþróttakennara. Mjög lítil frávík voru í mætingum sem tengdust Covid 19 meðal nemenda og starfsmanna en einn kennari vann heima og skilaði kennslu í fjarfundabúnaði auk skipulagsvinnu og fullrar þátttöku í samvinnu teymis.

Í Varmahlíðarskóla voru kennsluhættir endurskipulagðir og færri námsgreinar kenndar, hver námshópur var í sinni stofu, inngangar voru aðskildir og reynt var að takmarka samneyti sem mest. Áherslur voru ólíkar eftir aldri nemenda. Til að koma til móts við fjöldatakmarkanir í skólabílum var fyrirkomulagið eftirfarandi: 7.-9. bekkur mættu einungis tvo daga í viku, 10. bekkur þrjá í viku, 5.-6. bekkur fjórum sinnum í viku og 1.-4. bekkur fimm daga í viku. Allnokkrir nemendur mættu ekki neitt þessar vikur og unnu alfarið heima. Mötuneytið stafaði þannig að framreiddur var hádegismatur sem snæddur var í kennslustofum og nemendur komu með nesti í morgunhressinguna. Kennarar stóðu frammi fyrir nýjum áskorunum og nýttu tæknina við kennslu. Af fagmennsku sinntu þeir kennslunni á fjölbreyttan hátt. Kennarinn á bak við skjáinn gat verið að kenna bekkjarhóp í kennslustund í skólanum, með nokkra nemendur heima sem tóku þátt í kennslustundinni í fjarfundi og síðan voru að auki jafnvel tveir til þrír nemendur sem ekki tengdust kennslunni í rauntíma en sendu fyrirspurnir og fengu leiðbeiningar frá kennara á öðrum tíma.

Fundahöld starfsmanna fóru fram með fjarfundasniði. Stjórnendur töldu starfsfólk ágætlega undirbúið fyrir þessa stóru áskorun sem Covid 19 hafði í för með sér. Nemendur sýndu hversu snjallir þeir eru að tileinka sér tæknina. Nám með þessum takmörkunum gaf aðra nálgun en nám sem stundað er í skólanum á hefðbundin hátt. Allt gekk ótrúlega áreynslulaust fyrir sig en breyting starfshátta og vinnubragða var umtalsverð. Kappkostað var að ná til allra og mæta hverjum og einum eins vel og hægt var. Skólustjórar bentu enn fremur á mikilvægi góðra tengsla allra í skólastarfinu og hversu miklu máli skiptir að rækta öll samskipti af alúð og alvöru og viðhalda góðum tengslum. Það eykur vellíðan sem síðan hefur aftur áhrif á árangurinn.

Hjá Tónlistarskóla Skagafjarðar voru helstu breytingar á starfsháttum nemenda og kennara þær að milli 30-40% voru í fjarnámi, örfáir hættu námi. Starfsmenn fóru ekki á milli starfsstöðva og því dró úr kostnaði vegna aksturs bíla. Helstu áskoranir stjórnenda og starfsmanna fólust í því að samræma fjarkennslutíma, að árekstar varðandi kennslustundir yrðu ekki milli kennara og tímaramminn var takmarkaður til kennslu. Helstu áherslur í skólastarfinu urðu að virkja nemendur og starfsfólk til fjarnáms og fjarnámskennslu. Fjarkennslan gekk vel þrátt fyrir mismunandi búnað til fjarkennslu en huga þarf betur að slíkum búnaði, sérstaklega m.t.t. til hljóðgæða. Skipulag varðandi sóttvarnir í skólunum vel skipulagt en skólustjórnendur hefðu viljað fá meiri upplýsingar frá stjórnvöldum. Í framhaldinu væri hægt að nýta fjarfundi og fjarkennslu oftar og betur þegar við á s.s. vegna óveðurs, funda og eða fjarlægðar.





Hjá starfsmönnum Fræðsluþjónustu Skagafjarðar urðu miklar breytingar á vinnulagi þar sem engar heimsóknir utanaðkomandi voru leyfðar í skólana. Starfsfólk brást við m.a. með því að eiga í samskiptum við starfsfólk skóla og skjólstaðinga í auknum mæli með aðstoð fjarfundatækninnar. Það var gott að geta gripið til tækninnar í mörgum tilfellum og mikill lærdómur sem fólst í því að eiga í samskiptum með þeim leiðum. Slík samskipti koma þó ekki í staðinn fyrir að eiga í samskiptum og viðtölum við nemendur í eigin persónu þegar náms- og félagslegur stuðningur við nemendur er viðfangsefnið. Í Teymi barna, sem er samráðsvettvangur HSN og fjölskyldusviðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar, dró úr fundahöldum og teyminu bárust engin ný mál á Covid – tímabilinu. Aðgangur að heilbrigðisstofnuninni var skertur og röskun á hefðbundnu ungbarnaeftirliti. Biðlistar hjá sálfræðingi voru töluvert lengri en vant er vegna Covid og sömuleiðis færri skilafundir og athuganir. Verkefni voru geymd fram á haustið og því ákveðið að bregðast við með því að bæta við tímum hjá sálfræðingi.

## Heilsueflandi samfélag og skólastarf

Allir grunnskólar í Skagafirði taka nú þátt í verkefninu *Heilsueflandi grunnskóli*. Árskóli á Sauðárkróki hóf þátttöku í verkefninu á yfirstandandi skólaári. Leikskólinn Tröllaborg hefur verið heilsueflandi leikskólai frá árinu 2017 og hefur leikskólinn Ársalir áform um að verða heilsueflandi leikskóli. Áfram

var unnið að innleiðingu á verkefninu *Heilseflandi samfélag* þó áhrif Covid-19 hafi sannarlega litað þá vinnu þar sem ekki hefur verið hægt að halda þá viðburði sem stefnt var að. Starfshópur, skipaður fulltrúum ýmissa hagsmunahópa, mun áfram vinna að innleiðingu verkefnisins þar sem mikil vinna er framundan við gátlista sem meta eiga stöðuna í samfélaginu, móta framtíðarstefnu og aðgerðaráætlun.